

# Kirkjudagur Kjalarnessprófastsdæmis

Laugardaginn, 27. janúar  
í Keflavíkirkirkju



*"Gleðjumst, hvetjum og uppbyggjum hvert annað"* (1Þ 5.11)



Við vorum minnt á það í nýársávarpi dr. Önnu Burghardt framkvæmdastjóra Lútherska Heimssambandsins hvert erindi okkar í kirkjunni er en þar vitnaði hún í Fyrri Korintubréf. 16:14 þar sem segir „auðsýnið kærleika í öllu sem þið gerið“.

Kirkjan og erindi hennar hefur ekki breyst í aldanna rás þó að starfsumhverfi hennar hafi vissulega breyst í gegnum tíðina. Til þess að brýna okkur í þessu hlutverki okkar sem kirkju komum við saman og lærum af hvort öðru og uppbyggjumst í trú og samfélaginu við hvert annað.

Kirkjudagur Kjalarnessprófastsdæmis sem verður þann 27. janúar í Keflavíkirkirkju er sá fyrsti sem við höldum í prófastsdæminu. Öflug undirbúningsnefnd hefur lagt metnað í að hann megi heppnast sem best og þar geti hver og einn fundið eitthvað við sitt hæfi en boðið verður upp á alls 11 málstofur, kynningarbása, helgihald og móttöku í lok dags. Um hádegisbil fáum við að hlýða á Pálmar Ragnarsson, fyrirlsara og körfuboltaþjálfara, en hann mun fjalla um jákvæð samskipti og hvernig við getum náð því besta úr fólkinu í kringum okkur.

Því langar mig til að hvetja ykkur til að taka daginn frá í Keflavíkirkirkju þar sem við munum eiga uppbyggjandi samfélag í prófastsdæminu okkar sem hefur í gegnum tíðina einkennst af framsækni og samhug.

Sr. Hans Guðberg Alfreðsson  
Prófastur Kjalarnessprófastsdæmis

**Skráning á kirkjudaginn og málstofur fer fram á**

<https://form.jotform.com/240013328439349>

# Dagskrá

---

9:30 Morgunkaffi

10:00 Helgistund

10:15 Kynningarbásar (s. 5-6)

10:50 Kynning á aðgerðaráætlun um að efla kynningu á starfi safnaðanna

11:15 Málstofur A (s. 2)

12:00 Matur

13:00 **Fyrirlestur: Jákvæð og hvetjandi samskipti**

Á skemmtilegan hátt fjallað um það hvernig við getum náð því besta úr fólkinu í kringum okkur með góðum samskiptum. Fyrirlestur sem hefur slegið í gegn og hefur verið fluttur á mörgum stærstu vinnustöðum landsins. Fyrirlesari: Pálmar Ragnarsson, fyrirlesari og körfuboltaþjálfari,

14:00 Málstofur B (s. 3)

15:00 Málstofur C (s. 4)

16:00 Messa (s. 4)

16:45 Móttaka í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju

Áætluð lok kirkjudagsins er um kl. 18:00.

**Boðið eru upp á rútuferð frá Mosfellsbæ kl. 8:30,  
Garðabæ kl. 8:50 og Hafnarfjörð, kl. 9:00  
og til baka þegar dagskrá lýkur.**

# Málstofur

---

Málstofurnar eru í fjórum stöðum og eru í 45-50 mín. Gert er ráð fyrir amk 10 mínútna hléi á milli málstofa.

## A. Málstofur kl. 11:15-12:00

**Nýja sálmabókin** - Skyggst inn í vinnu við nýju sálmabókina, hvað var haft var að leiðarljósi og ýmsir forvitnilegir og skemmtilegir sálmar sungnir. Umsjón: Guðný Einarsdóttir, söngmálastjóri.

Staður: Kirkjan

**Að mæta fólki í erfiðleikum og áföllum** – Almenn málstofa ætluð öllum með hagnýtum leiðbeiningum um hvernig við mætum fólki á erfiðum stundum í lífinu. Nærfærni, hlýja og opinn hugur. Tekin verða dæmi og horft til öryggisþátta í umönnun annarra, kunnugra sem ókunnugra.

Umsjón: Gunnar Rúnar Matthíasson, sjúkrahúsprestur og Bolli Pétur Bollason, prestur.

Staður: Minni-salur.

**Kirkjuhópefli** - Hvernig er hægt að nota kirkjuhúsið sem stað fyrir hópefli. Æfingar fyrir fermingarfræðslu og börn jafnt sem fullorðna. Markmiðið er að vinna saman, að tengjast kirkjunni og að setja sig í spor annara. Umsjón: Laufey Brá Jónsdóttir, leikkona og prestur.

Staður: Stærri-salur.

**Samvinna og sameiginlegur skilningur sóknarnefndar** - Hvernig hægt er að efla teymisvinnu í sóknarnefndum sem byggir á sameiginlegum skilningi á nefndarstarfinu og hlutverki sóknarnefndarfólks. Fjallað verður um hvernig teymi og hópar geta lært saman til að ná auknum árangri og sameiginlegum ávinningi. Umsjón: Dr. Eypór Ívar Jónsson, forseti Akademias.

Staður: Kennslustofa

## B. Málstofur kl. 14:00-14:45

**Nýjir íslenskir sálmar og raddsetning** - Við kynnumst nýjum sálum eftir íslenska texta- og lagahöfunda og lærum fallegar og ferskar raddsetningar við þá. Umsjón: Guðný Einarsdóttir, söngmálastjóri.  
Staður: Kirkjan

**Sálgæsla barna og unglinga** – Heilbrigð nærvera, hlýja og örugg mörk. Fjallað verður stuttlega um hlutverk leiðbeinenda/leiðtoga, fyrirmyndir, aðdáun og hrifningu í hughrifum unglinga á tímaskeiði mótunar þar sem „að heita lífið sjálf“ getur legið undir. Umsjón: Gunnar Rúnar Matthíasson, sjúkrahúsprestur, og Aldís Rut Gísladóttir, prestur.  
Staður: Minni-salur.

**Látum texta lifna við** - Hvernig förum við með texta og kenndar verða æfingar og aðferðir sem fá textann til að lifna við í flutningi hvers og eins. Meðal annars verður farið í það hvernig við brjótum upp texta og hvernig við notum rödd og líkamsbeitingu svo að textinn berist til fólksins. Umsjón: Laufey Brá Jónsdóttir, leikkona og prestur.  
Staður Stærri-salur.

**Kirkjugarðar eru fyrir alla** - Fjallað almennt um kirkjugarða, tekjur kirkjugarða, hlutverk Kirkjugarðasjóðs og umhirðu og grafartöku. Umsjón Smára Sigurðssonar, formanns Kirkjugarðsambands Íslands, og Guðmundur Rafns Sigurðsson, framkvæmdastjóra kirkjugarðaráðs.  
Staður: Kennslustofa.

**Skráning á kirkjudaginn og málstofur fer fram á**

<https://form.jotform.com/240013328439349>

## C. Málstofur kl. 15:00-15:45

**Syngjum saman** – Við undirbúum messu kirkjudagsins, æfum sálmana og lærum nýjar leiðir til að efla almennan safnaðarsöng. Umsjón: Guðný Einarsdóttir, söngmálastjóri.

Staður: Kirkjan

**Verkefni sorgarinnar** – Samfylgd á tímum óvissu og til burða. Farið verður stuttlega yfir verkefni sorgarinnar og nokkra lykilþætti skilnings á sorginni og veruleikum syrgjenda. Umsjón: Gunnar Rúnar Matthíasson, sjúkrahúsprestur, Bolli Pétur Bollason, prestur, og Aldís Rut Gísladóttir, prestur.

Staður: Minni-salur.

**Markaðssókn í kirkjustarfi – fjárfesting eða sóun?** - Fjallað er um mögulegar leiðir í kynningarmálum kirkjunnar og sýnd dæmi um hvernig samræma má kynningu og auglýsingar til að ná til almennings á árangursríkan hátt. Umsjón: Leópolð Sveinsson, framkvæmdarstjóri Garðasóknar og f.v. ráðgjafi á markaðs- og auglýsingastofum.

Staður: Kennslustofa.

## Messa á kirkjudeginum

Þema messunar er gleði, hvatning og uppbyggilegt samfélag. Almennur safnaðarsöngur verður áberandi og við munum syngja saman nýja sálma við allskonar undirspil. Fjölbreytt þátttaka sem flestra verður í flutningi bæna, ritningarlesturs, prédikun og öðrum liðum messunar. Í altarisgöngunni verður lögð áhersla á samfélag vináttu og kærleika. Að lokinni messu verður móttaka í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju þar sem boðið verður upp á léttar veitingar og við munum eiga saman notalega stund.

## Kynningarbásar

**Akademías** er vettvangur fyrir menntun og þjálfun framtíðarinnar og vinnur með einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum til þess að efla þekkingu, hugvit og færni með það að markmiði að skapa verðmæti. Kjalarnessprófastsdæmi hefur átt í samstarfi við Akademías um nokkurt skeið m.a. námskeið fyrir sóknarnefndir og um nýsköpun.

**Hjálparstarf kirkjunnar** starfar að þróunarsamvinna og mannúðar- aðstoð á alþjóðavettvangi, aðstoð við fólk í félagslegri neyð á Íslandi, fjáröflun og fræðsla um starfið, gildi þróunarsamvinnu og mannúðar- og mannréttindamál.

**KFUM og KFUK** er kristileg æskulýðshreyfing sem hefur það að markmiði að stuðla að heilbrigði einstaklingsins til líkama sálar og anda og stendur fyrir faglegu barna- og æskulýðsstarfi. Félagið starfrækir fimm sumarbúðir og um 30 æskulýðsdeildir víðs vegar um landið, auk þess að standa fyrir leiðtogaþjálfun og fjölbreyttum viðburðum allt árið um kring

**Kyrrðarbænasamtökin á Íslandi** stuðla að útbreiðslu Kyrrðarbænar og annarra íhugunar- og bænaaðferða úr kristinni hugleiðsluhefð ásamt því að veita þeim sem þær ástunda stuðning með bænahópum í kirkjum og á netinu, kyrrðardögum, kennsluefni, námskeiðum, fyrirlestrum o.fl.

**Svæðisstjóri æskulýðsmála** miðlar og vinnur að aðgerðaráætlunum út frá *Fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar* fyrir sóknirnar í prófastsdæmunum á höfuðborgarsvæðinu m.a. með styðjandi ráðgjöf – hvað varðar skipulag í barna- og æskulýðsstarfi og að standa að viðburðum í samstarfi við sambönd og hreyfingar, sem einbeita sér að fræðslu og uppbyggingu fyrir þjóðkirkjuna.

**Vinavoðir** er hópur sem hittist og þrjónar/heklar bænasjöl og trefla sem gefin eru áfram sem vinarvottur og hlýjar blessunaróskir til þeirra sem þurfa á kærleika og hlýju að halda í líf sitt. Einnig gerir hópurinn fatnað sem gefin er til Hjálparstarfs kirkjunnar og á aðra staði sem þörf er.

**Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar** - Hlutverk fræðslusviðs er að móta stefnu í fræðslumálum Þjóðkirkjunnar. Tilgangurinn er að styðja söfnuði í því að boða kristna trú og vernda og viðhalda almennri þekkingu á henni. Unnið er samkvæmt fræðslustefnu kirkjunnar en þar er gengið út frá uppbyggilegum og andlega nærandi þáttum kristinnar trúar. Áhersla er lögð á gerð fjölbreytilegs og nútímalegs fræðsluefnis og námskeiða sem nýta má í kirkjustarfi annars vegar og úti í þjóðfélaginu hins vegar.

**ÆSKP** – Æskulýðssamband þjóðkirkjunnar eru frjáls félagasamtök og starfa á landsvísu innan Þjóðkirkjunnar. Meðal helstu verkefna sambandsins er Landsmóti æskulýðsfélaga sem er haldið ár hvert sem um 300-700 ungmenni taka þátt. Einnig er sambandið aðili að European Fellowship of Christian Youth.

**ÆSKH** – Æskulýðsamband kirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu var stofnað 19. október, 2023. Markmið sambandsins er að efla æskulýðsstarf í Kjós, á Kjalarnesi, í Mosfellsbæ, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Sambandið er í samstarfi við svæðisstjóra æskulýðsmála og stendur fyrir margvíslegum námskeiðum, mótum og viðburðum fyrir börn og unglinga.

**Verið velkomin á Kirkjudag  
Kjalarnessprófastsdæmis 2024**